

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2013

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Einar Gunnarsson og Guðmundur Eiríksson af hálfu utanríkisráðuneytisins, Sigurgeir Þorgeirsson og Hrefna Karlsdóttir af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, og Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson af hálfu Háskóla Íslands. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi var Tómas H. Heiðar.

Hafréttarstofnun auglýsir árlega styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti og var enginn styrkur veittur að þessu sinni.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 30. júní – 19. júlí. Hafréttarstofnun veitti fjórum Íslendingum, Arnóri Snæbjörnssyni, Brynhildi Benediksdóttur, Glóeyju Finnsdóttur og Pétri Dam Leifssyni, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin sex einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins í ár.

Forstöðumaður þáði boð um þátttöku í Arctic Circle, Reykjavík, í október og flutti þar fyrirlestur, “The Icelandic Continental Shelf”, í pallborði um hafréttarmál.

Forstöðumaður ritaði fræðigrein, “Delimitation of the Continental Shelf and Determination of the Outer Limits of the Continental Shelf beyond 200 Nautical Miles in Areas of Overlapping Claims: The Nordic Model”, sem birt verður í Liber Amicorum (afmælisriti) tileinkuðu Satya N. Nandan.

Hafréttarstofnun veitti styrk til RANNÍS vegna þátttöku íslenskra fræðimanna í China-Nordic Arctic Cooperation Research Seminar í Shanghai, Kína, í júní.

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í auðlindarétti við deildina.